

Helga Björnsdóttir

Frá: Dagný Alma Jónasdóttir <Dagny.Alma.Jonasdottir@reykjavik.is>
Sent: mánudagur, 9. janúar 2023 15:10
Til: Helga Björnsdóttir
Afrit: Ívar Vincent Smáráson
Efni: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um þjónustu Dýraþjónustu Reykjavíkur

MSS22120039

Sæl,

Meðfylgjandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um þjónustu Dýraþjónustu Reykjavíkur var lögð fram í Borgarráði þann 8. desember 2022 og send umhverfis- og skipulagsráði til meðferðar, dags. 12. desember 2022. Þar sem fyrirspurnin á ekki heima hjá hinu síðarnefnda ráði er það hér með sent menningar-, íþrótt- og tómstundaráði til meðferðar.

Athygli er vakin á að dagskrárliður hefur verið sendur ráðinu í fundarumsjónarkerfi Hlöðunnar.

Bestu kveðjur,

Dagný Alma Jónasdóttir

Sérfræðingur, skrifstofu stjórnarsýslu og gæða
Sími/Tel.: +354 / 411 1111
dagny.alma.jonasdottir@reykjavik.is
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14
www.reykjavik.is/trunadur
www.reykjavik.is

BORGARRÁÐ 8. desember 2022: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um þjónustu Dýraþjónustu Reykjavíkur - MSS22120039

Flokkur fólksins óskar eftir að fá sundurliðað yfirlit yfir þjónustuþætti og eðli erinda til Dýraþjónustu Reykjavíkur sem snúa að hundum í Reykjavík og hvernig þjónusta hefur verið veitt t.d. ráðgjöf eða útköll. Óskað er eftir upplýsingum frá því að Dýraþjónusta Reykjavíkur var stofnsett og þær bornar saman við þrjú ár fyrir stofnun hennar. Tillaga meirihlutans liggur nú fyrir um að það verði innheimt eitt gjald 15.700 kr. Ekki verður rukkað á skráningarári (er nú 12.200 kr.). Skráningargjald verður 0 kr., var 2.200 kr. Flokkur fólksins bendir á að verið er að einfalda kerfið en í þessu felst engin lækkun fyrir hundaeigendur. Gulrótin til að fá hundaeigendur til að skrá hunda sína er að ekki verður rukkað árgjald fyrsta árið þegar hundur er skráður. Segir í gögnum að eftir að stofnun Dýraþjónustu Reykjavíkur hefur ásókn í þjónustu, símtöl og ráðgjöf aukist mikið og snúa flest erindi um hunda. Þetta vill Flokkur fólksins fá staðfest með því að sjá tölur.

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa flokks fólksins um þjónustu Dýrabjónustu Reykjavíkur sem lögð var fram á fundi Borgarráðs 8. desember 2022.

Dýrabjónustan veitir þjónustu og sinnir eftirliti vegna hundahalds í borginni í samræmi við hundasamþykkt. Í því samhengi verður að hafa í huga að sú þjónusta og eftirlit er ekki aðeins ætluð eigendum hunda, heldur er um að ræða þjónustu við alla íbúa borgarinnar vegna hundahalds.

Gert er ráð fyrir tveimur stöðugildum vegna hundahaldsins sérstaklega, sem er fækkun stöðugilda frá því sem áður var, einni bifreið og ábyrgðartryggingu fyrir hunda (fjármagnað með hundagjöldum í samræmi við lög nr. 7/1998). Miðað við þessa forsendur var þjónustan rekin með halla árið 2022, þ.e. hundagjöld nægðu ekki til þess að fjármagna tvö stöðugildi auk bifreiðar og trygginga og er þá ótalinn annar rekstrarkostnaður.

Með samlegð við önnur störf í Húsdýragarðinum hefur þó reynst mögulegt að halda þjónustu úti þrátt fyrir þetta og bæta raunar við hana. Í þessu samhengi skal haft í huga að DÝR veitir almenningi þjónustu alla daga ársins frá kl 08 – 22 og hafa viðbragðsaðilar aðgang að þjónustunni lengur. Áður var þjónusta hundaeftirlits í boði virka daga á skrifstofutíma og gátu eigendur haldlagðra hunda einungis nálgast þá aftur á þeim tíma og það sama gildi að sjálfsögðu um þau sem fundu hunda í lausagöngu. Var þessi skortur á þjónustu algengt umfjöllunarefni kvartana frá samfélagi hundaeiganda. Þá hefur skráningarferli allt verið einfaldað og tölvuvætt sem sparar öllum aðilum mikla vinnu. Unnið er að frekari úrbótum og einföldun þar. Nú er verið að skoða og útfæra möguleikana á frekari þjónustu s.s. ormahreinsun.

Dýrabjónustan hefur ekki forsendur til þess að bera saman í smáatriðum núverandi þjónustu og þá þjónustu sem veitt var af Heilbrigðiseftirliti áður. Bent er á skýrslu stýrihóps um þjónustu við eigendur gæludýra frá síðasta kjörtímabili þar sem farið var yfir þá þjónustu sem þá var í boði.


Byrjað var að skrá öll símtöl (822-7820) sem berast DÝR rafrænt í janúar 2022, nákvæm gögn ná því aftur að þeim tíma. Á tímabilinu 1.2.2022 til 31.12.2022 bárust 825 símtöl í dýrabjónustusímann. Af þeim tengdust 446 (54%) málefnum hunda, en 380 (46%) vegna annarra dýra. Um 100 símtöl (11%) voru vegna dýra utan Reykjavíkur. Séu símtöl vegna hunda skoðuð sérstaklega eru algengustu ástæður símtala vegna hunda eftirfarandi:

- Kvartanir vegna ónæðis og eða sóðaskaps
- Kvartanir vegna lausagöngu
- Upplýsingagjöf, fjölbýli, svæði, námskeið ofl.
- Skráningar, reikningar, tryggingarmál ofl.
- Áhyggjur af velferð
- Annað

DÝR berast að jafnaði um 20 tölvupóstar vikulega eða um 700 póstar frá áramótum. Efni þessara pósta dreifist í svipuðum hlutföllum og efni símtala.


SÍMTÖL - TEGUND DÝRS

■ Hundar ■ Kettir ■ Fuglar ■ Önnur dýr



HUNDAR EFNI SÍMTALA

■ Ónæði og sóðaskapur
 ■ Lausaganga
 ■ Upplýsingagjöf, fjölbýli, svæði ofl.
 ■ Skráningar, reikningar, tryggingar ofl.
 ■ Áhyggjur af velferð
 ■ Annað



Að jafnaði voru um 10 mál stofnuð í málaskrá (Hlöðu) í hverjum mánuði er varða hunda. Mál eru stofnuð í málaskrá þegar líklegt er að grípa þurfi til e.k. aðgerða eða formlegra samskipta við viðkomandi hundaeiganda. Verklag hvað þetta varðar er í stöðugri endurskoðun eftir því sem reynslunni af starfseminni vindur fram. Alvarlegustu málin sem stofnuð eru bitmál, bæði biti á fólki og öðrum hundum. Ekkert alvarlegt bitmál kom upp árið 2022 vegna bits á fólki en slík mál eru í vinnslu vegna bits á öðrum hundum vegna lausagöngu. Þá hafa nokkur tryggingamál komið upp á árinu.

DÝR hefur frá áramótum 2022 tekið við ríflega 20 hundum í hundageymslu, flestum vegna lausagöngu, en einnig vegna slysa og bráðra veikinda eigenda. Þessir hundar hafa oftast staldrað stutt við, en hundurinn sem lengst var í haldi dvaldi í ríflega tvær vikur. DÝR á í góðu og nánu samstarfi við Dýrahjálpi Íslands um miðlun þeirra dýra sem eru eigendalaus eða geta ekki snúið aftur til eigenda sinna af einhverjum sökum. Krafa um slíkt samstarf var einnig haldið á lofti af hagsmunasamtökum í aðdraganda stofnunar DÝR.

Útköll vegna hunda eru af ýmsum toga. Kvartað er yfir lausagöngu og er þá farið á staðinn upp á von og óvon hvort hundurinn sé enn þar sem sást til hans. Algengt er að farið sé á hundasvæði vegna kvartana sem þaðan berast og eru þá Geirsnef og svæði ofan Rauðavatns algengustu staðirnir. Þá er farið og rætt við eigendur hunda sem kvartað hefur verið yfir.

Reynslan er sú að málefni tengd hundum eru oft á tíðum umfangsmeiri og flóknari úrlausnar en mál tengd öðrum dýrategundum.

DÝR veitir þjónustu vegna hundagerða og eru þau heimsótt reglulega. Settir voru upp sérstakir ruslastampar á árinu á hundasvæðum með pokaskömmturum sem DÝR sér um að fylla á. Umhverfis- og samgöngusvið sér um tæmingu. Á árinu hefur verið unnið að því að setja upp hundabjálfunartæki á hundasvæðum. Tækin voru keypt í lok árs 2021 og er uppsetning þeirra er langt komin og klárast vonandi vorið 2023.

Virðingarfyllt

Þorkell Heiðarsson – Deildarstjóri DÝR